

Nr. 013/ 09 Herjólfur**Skipverji slasast á fæti**

Skipaskr.nr. 2164
Smíðaður: Noregi 1992, stál
Stærð: 2222,4 brl. 3354 bt
Mesta lengd: 70,7 m Skráð lengd: 67,6 m
Breidd: 16,0 m Dýpt: 10,7 m
Vél: Man B&W 5400 kw, 1992
Áhöfn: 14



Herjólfur©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNS
Slysaskýrsla frá skipi

Málið afgreitt á fundi 8. júní 2009 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 19. janúar 2009 var Herjólfur við bryggju í Vestmannaeyjum.

Skipverji var að vinna við landfestar fram á bakka þegar hann steig á röralögn á þilfarinu. Rann hann til og rak vinstra hné í spilrör og datt. Skipverjinn hélt áfram vinnu en þremur dögum síðar gat hann varla stigið í fótinn og leitaði til læknis sem úrskurðaði skipverjann óvinnufæran um tíma.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn taldi að rörin hafi verið sleip en hann vissi ekki hvers vegna. Hann sagði þrjá möguleika koma til greina, olúsmit á rörunum eða undir skónum hans eða vegna frosts;
- að skipverjinn var í öryggisskóm.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.